

Íslenskur iðnaður

FRÉTTABRÉF

01. tbl. • Janúar 2002

Evrópumálin á skrið



Halldór Ásgrímsson, utanríkisráðherra, flutti afar athyglisverða ræðu um stöðu Íslands í alþjóðlegu samstarfi og áhrifin á fullveldið á fundi í Háskóla Íslands 15. janúar sl. Halldór

ræddi vítt og breitt um fullveldishugtakið og þýðingu þess í alþjóðlegu samstarfi.

Á eftir erindinu svaraði hann fyrirspurnum fundarmanna. Hann leiddi m.a. rök að því að fullveldi Íslands væri betur borgið innan ESB en með því fyrirkomulagi sem felst í EES-samningnum. Einnig kom fram að hann telur rétt að breyta stjórnarskránni til að mæta breyttum

veruleika í alþjóðasamstarfi og vill taka þátt í slíku starfi. Halldór kvaðst telja að unnt væri að ná viðunandi lausn í samningum við ESB um sjávarútvegsmálin og í þeim efnum væri hann annarrar skoðunar en fyrir 10 árum.

Á fundinum kom fram sú skoðun ráðherrans að Danmörk, Svíþjóð og Bretland myndu taka upp evruna fyrir en seinna og að bæði Noregur og Sviss yrðu aðilar að ESB.

Ræða utanríkisráðherra markar þáttaskil í umræðum um aðild Íslands að ESB og hefur hann með eftirtektarverðum og málefnalegum hætti komið Evrópumálum á dagskrá þjóðmálaumræðunnar.

Samtök iðnaðarins fagna þessu framtaki ráðherrans.

Jón Steindór Valdimarsson

Stórsamningur um sölu véla og tækja til Afríku

Markaðssókn íslenskra fyrirtækja í Afríku undir forystu Póls hf. á Ísafirði hefur nú leitt til þess að gerður hefur verið samningur um sölu véla og tækja í frystihús, sem verið er að byggja í Úganda, alls að fjárhæð 183 milljónir króna. Hin fyrirtækin, sem koma að þessu verkefni, eru Blikksmiðurinn hf. og Formax hf. í Reykjavík og Frostmark ehf., Kópavogi.

Í Viktoríuvatni er mikið veitt af Nílar-karfa og stór áform uppi um að nýta hann betur og nota til þess nýjustu tækni. Fyrir tæpum tveimur árum seldi Póls hf. fyrirtækinu, sem íslenski hópurinn hefur nú samið við, framleiðslulínu til að vinna þennan fisk. Þau viðskipti leiddu til þess að óskað var eftir tilboði í vélar og tæki

fyrir kælingu og frystingu og fleira í hinu nýja frystihúsi en fyrirtæki frá Saudi-Arabíu sér um að byggja sjálft húsið.

Hitavandamál

Með þessari íslensku heildarlausn þarf jafnframt að vera unnt að kæla vatn sem unnið er með í tengslum við vinnslu á fiskinum og setja upp öflugt kæli- og loft-ræstikerfi en hitinn á þessum slóðum er eitt helsta vandamálið sem þarf að leysa við vinnslu góðra fiskafurða.

Verkinu á að ljúka á vormánuðum en þá á eftir að setja upp tækin og sjá til þess að allt virki og vinni vel saman. Sú uppsetning er ekki innifalin í ofangreindu verði og þess vegna munu heildargreiðslur til íslensku fyrirtækjanna verða hærri þegar allt er komið í kring.

frh. á bls. 8

Meðal efnis:

Okkur hentar það sama
Nýárshugleiðing 2



Stjórnarkjör SI
Auglýst eftir framboðum 3

Raungengi og samkeppnisstaða 4

Væntingar forráðamanna
nokkurra iðnfyrirtækja á nýju ári 5-7

Brýnt að niðurstaða fáiast innan tíðar 8
Fjárhagsleg ábyrgð á vinnustaðakennslu

Góðar vörur - betra umhverfi 10
Ráðstefna á vegum Hollustuverndar ríkisins og Landverndar

Félag húsgagna- og innréttinga-
framleiðenda 70 ára 11



Ólöglegt samráð evrópskra
pappírframleiðenda 11



Verklegar framkvæmdir
Fundur 25. janúar næstkomandi 12

Okkur hentar það sama

Undanfarin ár hafa verið lengsta hagvaxtarskeið í sögu íslenska lýðveldisins. Nú þegar illilega hefur slegið í bakseglin er von að spurt sé hvað hafi farið úrskeiðis. Ekki svo að skilja að það sé nýtt að efnahagsuppsveifla hérlandis hafi endað með gjaldeyriskreppu og gengisfellingu. Það er regla án undantekninga. Það sem er óvenjulegt nú er að uppsveiflan kom ekki úr hafinu í formi aukins afla eða erlendra verðhækkana og niðursveiflan byrjar að þessu sinni hvorki með aflabresti né erlendum áföllum. Hagsveiflan var að mestu heimatilbúin.

Hart keyrt

Undanfarin ár hafa launahækkningar og annar kostnaður vaxið langt umfram framleiðniaukningu og umfram það sem keppinautar okkar og nágrennar hafa búið við. Samkeppnisstaða okkar versnaði þar með til muna. Viðskiptahallinn og vaxtaokrið jókst stöðugt og vissulega höfðum við, sem störfum í iðnaðinum, þungar áhyggjur af þessari þróun. Okkur var hins vegar sagt að vera ekki með neina svartsýni heldur njóta góðærisins. Sumir trúðu því jafnvel

að eitthvað hefði breyst í grundvallaratriðum í hagkerfum heimsins þannig að gamaldags hagsveiflur væru nú úr sögunni. Því miður reyndust þær kenningar kolrangar.

Stöðugleikinn skiptir öllu

Það má raunar furðu gegna hversu vel fyrirtækjum í útflutnings- og samkeppnisgreinum vegnaði við þessi skilyrði. Skýringin er sú að þessi uppsveifla var að því leyti ólík öðrum slíkum undanfarna áratugi að nú ríkti stöðugleiki í verðlagi og gengi. Það er ekki fyrr en með gengishækkunum ársins 2000, sem knúnar voru fram með ótal vaxtahækkunum, að tiltrú markaðarins brast og gengishrun krónunnar fór af stað.

Það hefur valdið bæði undrun og jafnvel reiði að iðnaðurinn skuli hvorki fagna hækkun né lækkun á gengi krónunnar. Sumum virðist ómögulegt að skilja að það eru sveiflurnar sem drepa iðnaðinn og stöðva hagvöxtinn.

Engu má muna

Við Íslendingar höfum verið aðilar að innri markaði Evrópu frá 1994. Nú er óumdeilt að EES-samningurinn var mikið heillaspor fyrir okkur. Á þeim markaði er frjálst flæði vöru, þjónustu, fjármagns og fólks milli landa. Á opnum og frjálsum markaði má ekki miklu muna í samkeppnisstöðunni. Fyrirtæki okkar geta hæglega orðið undir ef á þau hallar, til dæmis ef þau þurfa til langframa að greiða mun hærri vexti en keppinautarnir, svo að ekki sé talað um stór gengistöp.

Svar ESB

Tilkoma evrunnar sem gjaldmiðils nú um áramótin í 12 af 15 ESB löndum er auðvit að stærsta skrefið sem stigið hefur verið í þá átt að auðvelda viðskipti á EES svæðinu. Sameiginlegur gjaldmiðill gerir öll viðskipti auðveldari og ódýrari en áður var og um leið hverfur gengisáhætta að mestu leyti. Í stað margra gjaldmiðla í Evrópu verður núna til einn evrópskur

sem notaður verður í viðskiptum um allan heim. Einstaklingar og fyrirtæki á þessu svæði verða þess lítið vör þó að gengi evru og dollars sveiflist innbyrðis því að langstærstur hluti viðskiptanna á sér stað innan svæðisins.

Við sitjum hjá

Það er okkur vissulega áhyggjuefni að við munum ekki njóta þess gengisstöðugleika og lægri vaxta sem keppinautar okkar á EES svæðinu búa nú þegar við. Veikur og óstöðugur gjaldmiðill okkar fælir frá erlenda fjárfestingu og veldur því til dæmis að við semjum um meiri launahækkningar en aðrar þjóðir vegna þess að launin eru greidd í lélegri mynt. Efnahagslegu rökin fyrir upptöku evrunnar eru ótvíræð.

Hættulegur misskilningur

Hrakfarir Argentínanna og okkar eigin efnahagsmistök á fyrri tíð sýna, svo að ekki verður um villst, að við eigum að fylgja fordæmi annarra Evrópuþjóða. Við höfum sjálfir reynt fastgengisstefnu í óðaverðbólgu, síðast 1986-1987, sem lagði hér allt atvinnulíf meira og minna á hliðina. Við þurfum ekki að fara til Argentínu til að sjá hvaða afleiðingar slík hagstjórn hefur. Allir vita að ábyrgð á eigin hagstjórn er ekki úr sögunni með upptöku evru og aðild að Efnahags- og myntbandalagi Evrópu. Þvert á móti er gerð krafa um trausta og skilvirka hagstjórn aðildarríkjanna. Markmiðið er að ná stöðugum hagvexti á svæðinu í heild og í einstökum þjóðríkjum þess. Það er lífseigur en hættulegur misskilningur að okkur Íslendingum og íslenskum fyrirtækjum henti best að búa við einhverjar allt aðrar leikreglur og önnur starfsskilyrði en aðrar þjóðir. Reynslan, m.a. af EES-samningnum, sannar að okkur hentar best að búa við skýrar leikreglur og atvinnulífi okkar hentar einnig stöðugt verðlag og gengi og eðlilegt vaxtastig. Það fáum við ekki meðan við höldum í íslensku krónuna.

Vilmundur Jónsson
formaður Samtaka iðnaðarins



ÍSLENSKUR IÐNAÐUR
01. tbl. Janúar 2002
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 16.01. 2002
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Hönnun og myndskreytingar: Vala Óla.
Ljósmyndir: Ýmsir

Útgefandi: Samtök iðnaðarins
Hallveigarstíg 1, Pósthólf 1450, 121 Reykjavík
Sími: 511 5555, fax: 511 5566
Kennitala 511093-2019
www.si.is, e-mail: thora@si.is / thorak@si.is

Ábyrgðarmaður: Sveinn Hannesson
Ritstjóri: Haraldur D. Nelson
Efnisstjóri og umbrot: Þóra Ólafsdóttir
Málfarsráðunautur: Þóra Kristín Jónsdóttir

Fjölmíðlum er frjálst að nota efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmíðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildar í slíkum tilfellum.

Iðþing 2002

**Iðþing Samtaka iðnaðarins verður haldið föstudaginn 15. mars nk.
í Húsi iðnaðarins að Hallveigarstíg 1**

Kosningar

Í tengslum við Iðþing fara að venju fram kosningar til stjórnar Samtaka iðnaðarins og valdir eru fulltrúar í fulltrúaráð Samtaka atvinnulífsins.

Að þessu sinni ganga þrír úr stjórn, Friðrik Andrésson, sem hefur verið sex ár í stjórn og er því ekki kjörgengur að þessu sinni, Hreinn Jakobsson sem gefur kost á sér til endurkjörs og Jón Albert Kristinsson sem gefur ekki kost á sér til endurkjörs. Þeir sex, sem næstir eru því að komast í stjórn, taka sæti í ráðgjafaráði SI.

Formaður Samtakanna, Vilmundur Jósefsson, hefur ákveðið að gefa kost á

sér áfram, en formaður er kosinn til árs í senn.

Í fulltrúaráði SA eiga sæti 100 fulltrúar og þar af hefur SI nú 32. Gera má ráð fyrir að þeir verði u.þ.b. 30 að þessu sinni.

Óskað er eftir tilnefningum til þessara trúnaðarstarfa og þurfa þær að hafa borist skrifstofu Samtaka iðnaðarins eigi síðar en 10. febrúar næstkomandi.

Aðalfundur

Hefðbundin aðalfundarstörf fara fram fyrir hádegi. Að þeim loknum er hádegisverður og ræður formanns og iðnaðarráðherra. Dagskrá Iðþings að

öðru leyti er í undirbúningi og verður hún kynnt um leið og hún er frágengin.

Árshóf

Árshóf Samtakanna verður að venju haldið að kvöldi Iðþingsdags í veisulsalnum Versölum í Húsi iðnaðarins og hefst kl. 19.30.

Félagsmenn eru hvattir til þess að fjölmenna til Iðþings og árshófs.

Nánari upplýsingar um Iðþing, kosningar og árshóf verða birtar í næsta tölublaði Íslensks iðnaðar og innan skamms á www.si.is vefsetri Samtakanna.

Staðbundin réttindi er áfram hægt að flytja milli umdæma

Eins og kunnugt er hefur umhverfisráðuneytið undanfarið staðið fyrir námskeiði fyrir þá sem fengu eða áttu rétt á að fá útgefið meistarabréf fyrir 1. janúar 1989 en hafa ekki lokið meistaraskóla enda hafði slíkur skóli ekki verið starfræktur til þess tíma.

Námskeiðið er í samræmi við lög nr. 117/1999 en þar er ráðuneytinu lögð á herðar sú skylda að efna til þess fyrir ofangreinda menn innan tiltekins frests. Sá frestur var svo framlengdur með lögum nr. 170/2000 til 1. júlí 2002. Frestur til að sækja um þátttöku í námskeiðinu var jafnframt lengdur til 1. september 2001 en átti áður að falla úr gildi 1. júlí sama ár. Með enn nýjum lögum, nr. 74/2001, var fresturinn svo aftur stytur og settur á 1. júlí 2001.

Þessi atburðarás hefur ruglað margan manninn og er það að vonum. Talsvert hefur verið spurt um þennan frest og þess

vegna er ástæða til að áréttanlegar niðurstöður á þessum vettvangi. Ráðuneytið hefur síðan staðið fast á því að þeim, sem sótt hafa um að komast á námskeiðið eftir 1. júlí síðastliðinn, verði hafnað enda er það í samræmi við lög. Flestir þeir, sem sótt hafa námskeiðið, hafa gert það til að öðlast svonefnda landviðurkenningu sem iðnmeistarar og byggingastjórar samkvæmt skipulags- og byggingarlögum. Þeir þurfa því ekki að sækja um í hverju byggingarumdæmi fyrir sig eins og eldra fyrirkomulag gerði ráð fyrir.

Vegna þeirra, sem vildu komast á umrætt námskeið en sóttu ekki um áður en ofangreindur frestur rann út, er rétt að taka fram að þeim eru öllum ekki allar bjargar bannaðar. Þeir meistarar, sem hafa staðbundna viðurkenningu í einu eða fleiri umdæmum þegar skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 öðludust gildi (1. janúar 1998), halda þeirri viðurkenningu og eiga jafnframt rétt á að flytja hana yfir á önnur



byggingarumdæmi og njóta því í raun sama réttar og þeir sem lokið hafa námi við meistaraskóla eftir 1. janúar 1989. Því er þó ekki að leyndu að yfirfærslur þessara staðbundnu réttinda til annarra umdæma hafa oft verið erfiðar í raun og m.a. þess vegna var efnt til umræddra námskeiða. Vitað er að umhverfisráðuneytið hefur í seinni tíð, í samráði við Félag byggingafulltrúa, unnið að því að tryggja framkvæmd þeirra. Margt bendir til að sú viðleitni hafi borið árangur og því á ekkert að vera því til fyrirstöðu að þeir, sem eiga þennan rétt, sækji hann.

Ingólfur Sverrisson

Raungengi og samkeppnisstaða

Hagfræðingar hafa lengi notað mælingar á raungengi til að gefa vísbendingu um hvernig samkeppnisstaða þjóða þróast. En hvað er raungengi?

Einföld útskýring á þessu hugtaki er að það mælir hvort innlend verðbólga eða launabólga er meiri eða minni en hjá viðskiptaþjóðum þegar mælt er í sömu mynt. Þar sem notast þarf við gengi gjaldmiðla til að meta þetta er ekki bara um að ræða mismun á verð- eða launabólgu, heldur líka breytingar á nafngenginu. Þegar verðbólga er lítil má rekja sveiflur í raungengi alfarið til gengisbreytinga.

En hvernig tengist raungengið samkeppnisstöðunni? Samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja er metin út frá því hvort verð á vörum og þjónustu þeirra er herra eða lægra - reiknað í sömu mynt - en það sem erlend fyrirtæki, sem þau keppa við, bjóða. Ef gengi krónunnar styrkist, veikir það samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja. Ef verð- eða launabólga hérlendis er meiri en hjá viðskiptaþjóðum okkar hefur það sömu afleiðingu, raungengið hækkar. Útflutningsvörur okkar verða þá dýrari og innflutningsvörur ódýrari. Það leiðir síðan til þess að útflutningur dregst saman en innflutningur eykst og halli myndast í erlendum viðskiptum. Þetta er mjög bagalegt fyrir hagkerfi sem á jafn mikið undir erlendum viðskiptum og það íslenska. Eins og meðfylgjandi mynd sýnir, gerðist þetta tvívegis á tíunda áratugnum. Í byrjun áratugarins hækkaði raungengið vegna mikillar innlestrar verðbólgu meðan gengið var fast. Þá varð viðskiptahallinn verulegur. Þegar gengið var fellt og verð- og launabólga minnkaði lækkaði raungengið hratt og afgangur varð í erlendum viðskiptum um miðjan áratuginn. Frá 1997 til 2000, þegar Sedlabankinn fylgdi mjúkri fastgengisstefnu, hækkaði raungengið jafnt og þétt vegna innlestrar verð- og launabólgu og viðskiptahallinn fór úr böndunum. Gengið féll síðan frá miðju ári 2000 og samkeppnisstaðan lagadist, jafnvel þótt verðbólgan væri enn mikil. Nú eru fyrirtækin að nýta sér bættu samkeppnisstöðu

til að vinna upp mikið gengistap og losa sig við erlend lán. Fyrir vikið hefur stórlega dregið úr fjárfestingum hérlendis.


Að auki má vekja athygli á því að á síðasta áratug var raungengið að meðaltali 111 stig (1994 = 100). Á sama tíma var viðskiptahallinn að meðaltali 3% af landsframleiðslu. Sama niðurstaða fæst ef við horfum

um aftur til ársins 1970 eða 1980. Þetta er í samræmi við hagrannsóknir sem sýna að raungengi krónunnar hefur að jafnaði verið of hátt. Með öðrum orðum, samkeppnisstaða íslenskra fyrirtækja er oftast léleg og kaupmáttur Íslendinga erlendis mikill til að erlend viðskipti þjóðarbúsins verði hallalaus. Ástæðan er einatt of mikil verð- og launabólga sem kallar á gengisfellingar. Íslensk fyrirtæki búa því ekki aðeins við miklar sveiflur í raungengi, heldur er það oftast of hátt.

Nú er því spáð að raungengið hækki aftur í ár vegna þess að verð- og launabólga helst hærrí hérlendis en erlendis. Þegar gjaldmiðill er veikur hafa aðilar vinnumarkaðarins tilhneigingu til að semja um óhóflega há laun þar sem búist er við að raunvirði samninganna haldi ekki vegna áframhaldandi gengislækkunar og verðbólgu. Ef raungengið hækkar ört á þessu ári er það áhyggjuefni því að þá hægir á batanum í erlendum viðskiptum. Það getur jafnvel leitt til þess að gengið veikist á ný.

Þótt gengið hafi nýverið fallið, tryggir það ekki samkeppnisstöðu innlestra fyrirtækja til langframa. Margendurtekin reynsla okkar bendir til að sá ávinningur verði skammvinnur. Það er ljóst að launabólga, sem ekki er í takt við framleiðni fyrirtækjanna, er ógn við þau markmið efnahagsstjórnarinnar að verðlag haldist stöðugt og að þjóðarbúið nái jafnvægi í erlendum viðskiptum. Á móti dregur mikil verðbólga úr getu fyrirtækja til að auka framleiðni sem skapar hættu á verðbólguvítahring og samdrætti í samkeppnisiðnaði.

Örar sveiflur í raungenginu hamlu einnig á móti erlendum fjárfestingum hérlendis. Þótt raungengið falli og samkeppnisstaðan batni um hríð hefur raungengið alltaf hækkað á ný og samkeppnisstaðan versnað aftur. Þessar öru breytingar á samkeppnisstöðu íslenskra fyrirtækja framkalla sveiflur í markaðshlutdeild þeirra erlendis sem krefst erfiðrar aðlögunar í rekstrinum.



Þetta sjá erlendir fjárfestar og halda að sér höndum.

Við skulum athuga helstu staðreyndir um raungengi krónunnar:

- Sveiflast ætíð mikið hérlendis, fyrst vegna verð- og launabólgu og síðan vegna gengisfellinga.
- Hefur oftast verið of hátt vegna þess að launin hækka hraðar hérlendis en erlendis og umfram vöxt framleiðinnar. Við það dregur úr útflutningi, halli myndast í erlendum viðskiptum og gengið fellur.
- Er Þrándur í Götu erlendra fjárfestinga í íslenskum fyrirtækjum.
- Hefur skaðleg áhrif á starfsemi og vöxt fyrirtækja í alþjóðlegri samkeppni, sem dregur úr jafnvægi í efnahagslífsinu, sjálfbærum hagvexti og atvinnu.

Hvað er þá til ráða? Myndi staðan breytast ef Ísland gengi í ESB og tæki upp evruna? Við þær aðstæður myndi raungengið ekki sveiflast nema að litlu leyti vegna gengisbreytinga gagnvart þjóðum utan Evrópu. Innan Evrópu verður stærsti hluti breytilegs raungengis - breytingar á nafngenginu - úr sögunni. Þá verður samkeppnisstaðan háð því einu hvort kostnaður hérlendis þróast hraðar eða hægar en annars staðar í Evrópu. Ef launin hækka í takt við framleiðnina haldast verðlagið og samkeppnisstaðan stöðug eða batna. Á grundvelli alþjóðagjaldmiðils eru forsendur því mun betri fyrir sjálfbærri launa- og verðmyndun í efnahagslífinu. Stöðugra rekstrarumhverfi myndi gagnast öllum íslensk fyrirtækjum og gefa þeim betri tækifæri til að dafna í alþjóðlegri samkeppni hvort sem þau eru í iðnaði, sjávarútvegi eða þjónustu.

Svarið er því já. Upptaka evrunnar drægi úr viðvarandi vanda íslenskra fyrirtækja sem er hið sveiflukennda og háa raungengi lítillar myntar.

Dorsteinn Þorgeirsson

Væntingar forráðamanna nokkurra iðnfyrirtækja á nýju ári: Friður á vinnumarkaði – stöðugt gengi – minnkandi verðbólga – lægri vextir

Íslenskur iðnaður leitaði svara hjá nokkrum stjórendum iðnfyrirtækja við fáeinum spurningum um málefni sem varða fyrirtækin miklu svo sem breytingar á skattalögum, afstöðu þeirra til upptöku evru hér á landi og væntingar á þessu ári.



Víglundur Þorsteinsson, framkvæmdastjóri BM Vallár ehf.

Breytingarnar á skattalögum eru heldur íþyngjandi fyrir fyrirtæki eins og okkar sem er með miklar fjárfestingar í fastafjárumnum og launahlutfall í kringum 20 prósent.

Þar munar mestu um hækkun tryggingagjalds og afnám verðbólguleiðréttingar í skattuppgjöri. Mér sýnist að lækkun skattprósentsunnar úr 30 í 18 þurfi að verða

meiri ef jafnvægi á að vera. Lækkun skattprósentu hefur hins vegar jákvæð áhrif á möguleika fyrirtækja til arðgreiðslna og sem slík gæti hún í framtíðinni vakið upp áhuga almennings á að fjárfesta í atvinnufyrirtækjum.

Evrar verður ekki tekin upp á Íslandi nema með fullri aðild að Evrópusambandinu.

Fyrir 13 árum lýsti ég því yfir sem formaður Félags íslenskra iðnrekenda að ég teldi rétt að ganga í Evrópusambandið. Það var þá. Áður en ég gæfi slíka yfirlýs-

ingu nú vil ég sjá fyrir endann á viðræðum um fyrirhugaða stækkun ESB og hvers konar „lýðræði“ verður í hinu stækkaða sambandi.

Það, sem mestu skiptir í rekstarumhverfinu, er stöðugleiki, lækkun verðbólgu sem leggur grunn að vaxtalækkun og vonandi umtalsverðri vaxtalækkun sem gæti aukið þjóðinni kjark og þor en almennt séð sýnist mér að horfur fyrir árið 2002 séu um gott jafnvægisár sem í meginatriðum gæti orðið okkur öllum hagfelld.



Sigurður Sigurðsson, framkvæmdastjóri Hlaðbæjar-Colas hf. Malbikunarstöðvar

Ég vænti þess að allir, sem stefna að hagnaði af rekstri sínum, séu ánægðir með breytingarnar á skattalögnum og það á einnig við um okkur hjá Hlaðbæ-Colas. Þó þarf að hafa í huga að breytingarnar fólu einnig í sér hækkun tryggingagjalds.

Ég óttast þó að breytingar á skattalögnum eigi ekki eftir að skipta sköpum fyrir marga aðila í bygginga- og verktakastarfsemi þar sem afkoman hefur ekki verið viðunandi. Breytingarnar hefðu t.d. haft óveruleg áhrif á afkomu Hlaðbæjar-Colas hefðu þær gilt árin 1999 og 2000 en hefðu hins vegar skipt nokkru máli árið 2001. Ég geri mér þó vonir um að þessar breytingar komi fyrirtækinu mjög til góða í framtíðinni.

Hlaðbæ-Colas er hluti af alþjóðlegu Colas-samsteypunni sem er með starfsemi um allan heim. Móðurfélagið Colas A/S er staðsett í Frakklandi og stjórnendur þess eru miklir evrusinnar. Ljóst er að það myndi einfalda mjög samskipti fyrirtækjanna ef sem flestir töluðu sama tungumál hvað peninga varðar. Að því er snertir rekstrareiningu Hlaðbæjar-Colas er ég mjög tvístígandi hvað varðar upptöku evrunnar hér á landi þar sem ég hef ekki enn sannfærst um að það muni eingöngu hafa góð áhrif á rekstur fyrirtækisins. Hrun krónunnar á síðasta ári og vaxtaokrið í landinu gerir menn að meiri evrusinum en efni standa til að mínu mati. Þó er enginn vafi á því að við Íslendingar verðum að fylgjast vel með hvernig til tekst með evruna. Fari t.d. svo að Skandínavar eða Bretar taki hana upp þá verðum við að leita leiða til að gera það líka.

Hlaðbæ-Colas vinnur á almennum tilbodsmarkaði þar sem flest útböðin fara fram fyrri hluta árs en framkvæmdin fer fram á sumrin og á haustin. Þar sem flest tilböð eru gerð á föstu verðlagi skiptir stöðugleiki í rekstarumhverfi okkur öllu máli. Verð á olíu og biki skiptir Hlaðbæ-Colas höfuðmáli og þrátt fyrir allt var verðlag á þessum afurðum nokkuð stöðugt árið 2001 miðað við næstu ár á undan. Hvað síðasta ár varðar skipti okkur þó mestu máli að bæta afkomuna miðað við undangengin ár. Við gættum því fyllstu varkárni í rekstrinum og það skiladi sér í bættri afkomu. Við gerum ráð fyrir 15 - 20% samdrætti í malbiksframkvæmdum á þessu ári en búum okkur undir það á þann hátt að ég er nokkuð bjartsýnn á að afkoman á þessu ári verði viðunandi.



Jakobína Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Mónu ehf.

Fyrirhugaðar skattabreytingar hafa vakið mikla athygli stjórnenda fyrirtækja síðustu

vikur nýliðins árs. Gott er til þess að vita að hugur ríkisstjórnarinnar skuli standa til þess að lækka skattaálag og blása með því nýju lífi í efnahagskerfi landsins.

Það er aftur á móti sorgleg staðreynd að leiðin, sem hefur verið valin til að mæta lækkun tekjuskatta á fyrirtæki, er að skattleggja kostnað og það launakostnað. Hækkun tryggingagjalds úr 5,23% í 6,0% eða um tæp 15% skilar til baka til hins opinbera 2500 m.kr. en lækkun tekjuskatts á fyrirtæki skerðir tekjur hins opinbera um 2700 m.kr. Hér er um að ræða flutning skatta til fyrirtækja sem búa við mannfrekan rekstur. Gera má ráð fyrir að allflest fyrirtæki í matvælaíðnaði búi við nokkuð mannfrekan rekstur og að svigrúm til að taka á sig þennan aukna kostnað verði ekki fyrir hendi nema með hækkun vöruverðs.

Hinn sameinaði evrópski markaður og

hinn sameiginlegi gjaldmiðill, evran, skiptir íslensk fyrirtæki og íslenskt efnahagslíf miklu máli. Stór hluti utanríkisverslunar Íslendinga er við þessi markaðssvæði. Frjáls aðgangur að mörkuðum er ein af grundvallarforsendum þess að fyrirtæki okkar geti vaxið. Fyrirtækin þurfa jafnframt að eiga óheftan aðgang að aðföngum, s.s. hráefni, orku og vinnuafli. Heima- markaður okkar er afar smár og það stendur mörgum fyrirtækjum fyrir þrifum. Ætla má að ein helsta ástæða þess að framleiðni í íslenskum fyrirtækjum er oft og tíðum lág sé hinn agnarsmái heimamarkaður sem þessi fyrirtæki búa við.

Undanfarin ár hefur verið þensla í íslenska efnahagskerfinu og mikill skortur á vinnuafli. Verð á vinnuafli (laun) hefur hækkað og fólk hefur flust til landsins til að sinna lausum störfum. Fólk hefur komið frá löndum hins sameinaða evrópska markaðar en ekki síður frá löndum utan þess. Þegnar landa utan ESB hafa oft sýnt mikinn áhuga á að koma til Íslands en leið þeirra er mun torsóttari.

Innganga Íslands í ESB eða upptaka evrunnar eru stór mál sem skoða þarf frá

öllum hliðum – ekki bara með þarfir sjávarútvegs í huga. Hlúa þarf að fjölbættu atvinnulífi landsins, skapa fjölbreytt atvinnutækifæri og efnahagskerfi sem hefur innbyggða sveiflujöfnun en sveiflast ekki upp við meiri fisk og niður við minni fisk.

Nýliðið ár einkenndist af verðfalli krónunnar og háu vaxtastigi. Í kjölfarið fylgdu verðhækkningar á erlendum aðföngum, innlendar verðhækkningar og vaxandi verðbólga. Á sama tíma færðist meiri ró yfir vinnumarkaðinn. Við höfum borið gæfu til þess að fresta endurskoðun kjarasamninga fram á vorið. Meiri friður er nú á vinnumarkaði en verið hefur mörg undanfarin ár og meira framboð á vinnuafli. Takist að halda gengi krónunnar stöðugu, hægja á verðbólgunni og forðast uppnám á vinnumarkaði er okkur óhætt að vera bjartsýn á að fljótt takist að koma efnahagslífinu aftur í eðlilegt horf, landsmönnum öllum til hagsbóta.



Gylfi Þórðarson, framkvæmdastjóri Sementsverksmiðjunnar hf.

Ég tel að breytingar á skattalögum séu almennt góðar fyrir atvinnurekstur í landinu.

Lækkun tekjuskatts var nauðsynleg til að jafna samkeppnisstöðu hérlendra fyrirtækja við fyrirtæki erlendis og einnig til að bæta samkeppnishæfni landsins en tekjuskattur fyrirtækja í nálægum löndum hefur farið lækkaði.

Mikilvægt er að eignarskattar verði afnumdir og í lögnum eru stigin skref í þá átt með lækkun eignarskatts og afnámi Þjóðarþóklöðuskatts. Hækkun tryggingagjalds er hins vegar íþyngjandi, einkum fyrir fyrirtæki sem ekki njóta skattahagræðis af lækkun tekju- og eignarskatts sökum taprekstrar og lakrar eiginfjárstöðu. Eftir afnám verðleiðréttinga í skattskilum

félaga er mikilvægt að náð verði tökum á verðbólgunni þannig að raunveruleg afkoma verði skattlögð en ekki verðbólghagnaður sem var tilgangurinn með verðleiðréttingum.

Þessar breytingar á skattalögum hafa frekar lítill áhrif á rekstur Sementsverksmiðjunnar í næstu framtíð. Hún á, eins og önnur fyrirtæki í byggingariðnaði, uppsafnað skattalegt tap þannig að ekki kemur til greiðslu tekjuskatts næstu árin en lækkun eignarskatts vegur talsvert fyrir fyrirtækið. Á móti kemur að hækkun tryggingagjalds veldur nokkrum útgjalda- auka eins og hjá öðrum fyrirtækjum þar sem launakostnaður vegur tiltölulega þungt í rekstrinum.

Eftir því sem fleiri Evrópuþjóðir taka upp evruna sem sína mynt verður líklega sífellt erfiðara fyrir okkur að halda úti íslensku krónunni. Þrýstingur mun því

aukast á að við tökum upp evruna sem okkar mynt en slíkt er þó líklega ekki mögulegt nema með inngöngu okkar í ESB en þar er um að ræða mjög stórt og flókið mál sem skoða þyrftu ítarlega hvort væri hagkvæmt fyrir okkur. Á þessari stundu tel ég því ekki tímabært að láta í ljós skoðun á þessu.

Á síðasta ári höfðu talsverðar launahækkningar í ársbyrjun, hækkun eldsneytisverðs, hækkandi fjármagnskostnaður, vaxandi verðbólga, mikil lækkun krónunnar og aukin samkeppni á markaði mest áhrif á reksturinn og yfirleitt til verri vegar.

Ég vænti þó stöðugra rekstarumhverfis á þessu ári, einkum minnkandi verðbólgu, stöðugra gengis og lægri vaxta.



Guðmundur Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Á. Guðmundsson ehf.

Ég er ánægður með flestar þær breytingar sem gerðar voru á skattalögnum ef frá er talin hækkun

tryggingagjalds en lækkun tekjuskatts og stofns eignarskatts er vitaskuld af hinu góða bæði fyrir okkar fyrirtæki og allt efnahagslífið.

Þessar aðgerðir ríkisstjórnarinnar eru að mínu mati þær jákvæðustu sem gripið hefur verið til fyrir efnahagslífið á nýliðnu ári en svo má velta fyrir sér hvers vegna

tryggingagjald er hækkað þegar verið er að lækka skatta.

Ég er fylgjandi því að við tökum upp evru hér á landi því að krónan hefur reynt okkur dýr. Upptaka evrunnar myndi styrkja efnahagslíf okkar og draga úr sveiflum enda tel ég að hún verði sterkur gjaldmiðill þegar fram líða stundir. Þar sem mjög stór hluti af útflutningi okkar er til landa innan ESB heyrðu áhrif af þeim miklu sveifum, sem verið hafa á gengi krónunnar á nýliðnu ári, sögunni til.

Það, sem mestu máli skiptir á þessu ári, er að vextir verði lækkaðir, gengið verði stöðugt, verðbólgan hjaðni og síðast en

ekki síst að sátt verði á vinnumarkaðinum. Það er mjög mikilvægt að kjarasamningum verður ekki sagt upp í febrúar og ég tel að aðilar vinnumarkaðarins hafi sýnt mikla ábyrgð með því samkomulagi sem náðist á síðasta ári. Hvað varðar væntingar fyrir Á. Guðmundsson á þessu ári er ég nokkuð bjartsýnn. Það er ljóst að samdráttur á fyrirtækjamarkaði var mikill á síðasta ári en með stöðugu gengi og minnkandi verðbólgu er ég viss um að nú eru betri tímar í vændum fyrir íslenskt efnahagslíf.



Sveinbjörn Hjálmarsson, framkvæmdastjóri Umslags ehf.

Ég tel breytingarnar á skattalögnum mjög jákvæðar og virka hvetjandi í atvinnulífinu. Þær koma

Umslagi mjög vel og styrkja stöðu fyrirtækisins til lengri tíma lítið.

Eins og sakir standa er ég hlynntur því

að við tökum upp evruna hér á landi þótt sá vankantur fylgi að gengissvæði evrunnar muni ekki taka tillit til sveiflnanna í íslensku efnahagslífi. Í sumum tilvikum gæti evruaðild jafnvel dregið úr heimatilbúnum gegnissveiflum. Aðild að evrunni myndi leiða til vaxtalækkunar sem kæmi fyrirtækjum í landinu til góða þar sem vextir eru alltof háir um þessar myndir.

Það, sem mestu máli skiptir fyrir rekstur

Umslags, er stöðugleiki í innlendu verðlagi og á vinnumarkaði. Ég bind vonir við að við fáum að búa við stöðugleika og jafnvægi í efnahagslífinu. Væntingar fyrirtækisins á þessu ári felast einnig í menntun. Umslag þarf að einbeita sér að aukinni endurmenntun starfsmanna sinna til að þeir geti tileinkað sér aukna tækni í miðlum upplýsinga.



Guðmundur Gunnarsson, framkvæmdastjóri Hampiðjunnar og formaður Landssambands íslenskra veiðarfæraagerða

Ég tel að breytingarnar á skattalögnum séu mjög af hinu góða og hljóti

að leiða til skynsamlegrri nýtingar á hagnaði en verið hefur. Þessar breytingar ættu líka að auka áhuga erlendra fjárfesta á að festa fé í atvinnurekstri á Íslandi í enn ríkara mæli. Hins vegar skipta skattalagabreytingarnar ekki sköpum fyrir rekstur fyrirtækja innan Landssambands veiðarfæraagerða en ættu að styrkja hann þegar á heildina er lítið.

Hvað varðar spurninguna um evruna þá er ég andvígur upptöku hennar hér á landi. Ég lít á íslensku krónuna sem eina helstu auðlind okkar, eins og t.d. fiskistofnana. Með evruaðild yrðu Íslendingar að gerast aðilar að Evrópusambandinu og það finnst mér ekki koma til greina ef við höldum ekki fullum yfirráðum fyrir fiskveiðistjórnunarkerfi okkar.

Það, sem skiptir rekstur Hampiðjunnar og væntanlega annarra veiðarfæraagerða, mestu máli, er að friður haldist á vinnumarkaði, efnahagslífið standi traustum fótum, verðbólgan hjaðni og síðast en ekki

síst að vextir verði lækkaðir. Hvað varðar aðrar væntingar fyrir þetta ár er óskandi að fiskveiðiárið verði gjöfult.

Fjárhagsleg ábyrgð á vinnustaðakennslu

Brýnt að niðurstaða fáist innan tíðar

Viðræður við menntamálaráðuneytið um nýtt fyrirkomulag vinnustaðanáms hafa staðið yfir í tæpt ár. Samtök iðnaðarins skiluðu til ráðuneytisins skýrslu um fjárhagslega ábyrgð á vinnustaðakennslu í febrúar 2001 og í október 2001 skipaði menntamálaráðherra sérstakan starfshóp um málið.

Verkefni hópsins, samkvæmt bréfi ráðherra, er að fjalla um fyrirkomulag vinnustaðanáms og fjárhagslega ábyrgð á því. Samkvæmt bréfinu er verkefnið tvískipt:

- A** Að skilgreina viðfangsefnið og gera tillögur um meginþætti sem menntamálaráðuneytið og SI fjalli um sameiginlega.
- B** Að gera tillögur um leiðir til að koma þeim þáttum í framkvæmd sem aðilar verða sammála um. Starfshópurinn skilaði greinargerð (á-

fangaskýrslu) varðandi A-lið í nóvember 2001. Í minnisblaði til fulltrúa menntamálaráðuneytisins í vinnuhópi hvetur ráðherra til áframhaldandi vinnu við verkefnið, sem sé að útfæra B-lið.

Fyrir skömmu hélt bakhópur SI og SAF fund um framgang málsins. Hópurinn telur mikilvægt að kalla fram raunverulegan vilja ráðuneytisins til að mæta þörfum fyrirtækja fyrir nýskipan vinnustaðakennslu. Yfirvöld menntamála verði að taka á sig samsvarandi ábyrgð á vinnustaðakennslu og fyrirtækin. Forsenda þess að unnt verði að kom á nýrri skipan vinnustaðakennslu er því að samningar takist um fjárhagslega ábyrgð á henni.

Starfshópurinn leggur áherslu á að viðræður við menntamálaráðuneytið verði leiddar til lykta sem fyrst.

Fulltrúar í starfshópi SI og SAF leggja áherslu á eftirfarandi:

- Gerður verði verksamningur við menntamálaráðuneytið um að vinna drög að nánari skilgreiningu á verkefniinu.
- Uppbygging á kennslufyrirkomulagi vinnustaðakennslu haldist í hendur við fjárhagslega ábyrgð á henni.
- Samið verði sem fyrst við menntamálaráðuneytið um þennan þátt. Miða skal að því að vinna við B-lið verði lokið í apríl annaðhvort með samningi um frekari framgang verks eða með engum samningi.

Þá skal halda fund með bakhópi SI/SAF. Ef þörf krefur skulu fulltrúar SI/SAF óska eftir fundi með menntamálaráðherra til að skýra stöðu mála.

Lögð er áhersla á samtönnun skólanáms og vinnustaðanáms. Þetta eru ekki aðskildir þættir.

Ingi Bogi Bogason

Stórsamningur um sölu véla og tækja til Úganda

Framhald af forsíðu

Sérhæfni - heildarlausn

Verkaskiptingu fyrirtækjanna er þannig háttað að Póls hf., jafnframt því að vera aðalverktaki, sér um vogir og flokkunarbúnað ásamt hugbúnaði til eftirlits á nýtingu og afköstum starfsmanna. Formax hf. sér um framleiðslulínur o.þ.h., Frostmark ehf. smíðar og setur saman kæli- og frystibúnaðinn ásamt vatnskæli- og loftkælikerfum og semur við önnur íslensk fyrirtæki um smíði krapavéla og lausfrysta en Blikksmiðurinn hf. hefur loftræstikerfið í húsinu á sinni könnu. Því blasir við að a.m.k. hálfur tugur fyrirtækja hér á landi mun hafa talverða vinnu við þetta verkefni næstu mánuði.

Ísland í fremstu röð

Með samningnum hafa íslensk iðnfyrirtæki enn einu sinni sannað að þau eru í

fremstu röð í smíði véla og tækja til fisk-vinnslu. Framsýnir menn í fjarlægum lönd-um horfa í auknum mæli hingað til lands þegar þeir vinna að því að færa slíka vinnslu til nútíma-hátta og nýta sér nýjustu tækni sem völ er á. Markaðssókn ís-lenskra fyrirtækja á þessu sviði víða um lönd ber sífellt meiri ávöxt. Sá samningur, sem hér er greint frá, er til marks um að samvinna lítilla og meðalstórra fyrirtækja á sviði markaðssetningar getur borið ríkulegan ávöxt ef þolinmæði og fagleg hæfni fara saman.

Fyrirtækjunum er hér með óskað til hamingju með þennan merka áfanga sem vonandi verður stökkpallur til enn



Fulltrúi kaupanda Yusuf Karmali og fulltrúi PÓLS hf., Gunnar Kr. Sigmundsson, handsala samninginn



Náverandi vinnsla verður að teljast nokkuð frumstæð. Til marks um það er þessi flokkari í vinnslubúsi í Úganda

Kynningarfundur um Construct North

Hinn 8. janúar sl. héldu Samtök iðnaðarins, ásamt samstarfsaðilum, fund í Salnum í Kópavogi til að kynna verkefnið Construct North sem fer fram dagana 27. febrúar til 3. mars næstkomandi í Laugardalshöll og á Grand Hótel í Reykjavík.

Construct North er samstarfsverkefni fjölda fyrirtækja, félaga og stofnana af ýmsu tagi. Meðal opinberra samstarfsaðila eru ráðuneyti utanríkis, iðnaðar og viðskipta og Reykjavíkurborg en um 100 innlend fyrirtæki og fagfélög hafa lýst yfir áhuga á að taka þátt í verkefninu sem einnig nýtur margra stöðaðila, s.s. Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins, Útflutningsráðs, Íslenskra aðalverktaka og Sjóváar almennra svo að nokkrir séu nefndir.

Þekking í mannvirkjagerð á norðurslóðum verður að verðmætri útflutningsvöru

Construct North er eins konar framhald af Byggingadögum Samtaka iðnaðarins sem haldnir hafa verið svo til árlega undanfarinn áratug, síðast fyrir tveimur árum, en nú var ákveðið að breyta út af þeirri hefð og kynna gróskumikið starf í byggingariðnaði með nýjum hætti. Construct North verður haldið annað hvert ár á Íslandi en þess á milli er stefnt að því að verkefnið taki þátt í öðrum sam-

bærilegum viðburðum erlendis undir yfirskriftinni We Construct North.

Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI, gerði grein fyrir aðdraganda samstarfsverkefnisins. Í máli hans kom m.a. að fram að mannvirkjagerð á norðurslóðum er ekki á allra færi og hér á landi hefur orðið til verðmæt þekking sem á eftir að verða að verðmætri útflutningsvöru líkt og þjónustuiðnaður við matvæla- og fiskiðnað og því sé tímabært að gera átak í þessum efnunum.

Öflugur vettvangur skoðanaskipta og fróðleiks um mannvirkjagerð

Brynjar Ragnarsson, markaðsstjóri Samtaka iðnaðarins, sem haft hefur veg og vanda af undirbúningi Construct North, gat þess m.a. fagdagarnir yrðu með alþjóðlegu ívafi og yrðu öflugur vettvangur skoðanaskipta og fróðleiks og að tilgang-

urinn væri ekki síst sá að efla viðskiptatengsl og samstarf við aðrar þjóðir í greininni bæði austan hafa og vestan. Þá má geta þess að drög að dagskrá málþings, ráðstefna og fyrirlestra í tengslum við CN er að finna á Mannvirki.is sem er vefur upplýsingamiðlunar um mannvirkjagerð á Íslandi og Construct North.

Dóra Kristín Jónsdóttir



F.v. Sveinn Hannesson, Eyjólfur Bjarnason, Sæmundur Norðfjörð, Einar Gunnar Guðmundsson, Ragnheiður Hauksdóttir og Ómar Jónsson



si.is

Vefsetur Íslensks iðnaðar og Samtaka iðnaðarins

Eini vefur sinnar tegundar á Íslandi



Veldu þér framtíð



LANDVERND



Ráðstefna: Góðar vörur – betra umhverfi

Landvernd og Hollustuvernd ríkisins hafa tekið höndum saman um að boða atvinnulífið til ráðstefnu um umhverfi, framleiðslu, sölu og innkaup. Ráðstefnan verður haldin föstudaginn 1. febrúar nk. á Grand Hótel Reykjavík.

Vaxandi skilningur er á því að framleiðsla, sala og neysla á vörum og þjónustu hafa mikil áhrif á umhverfi og náttúru. Nýtni, skipulag og upplýsingamiðlun eru lykilatriði í góðri umhverfisvernd. Fjöl- mörg íslensk fyrirtæki hafa náð góðum árangri á sviði umhverfismála og margt má læra af reynslu þeirra. Ráðgjafar hafa tileinkað sér aðferðir sem beita má til að ná tvíþættum ávinningi; bæta rekstur og draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum.

Verslunin er sá staður sem tengir framleiðendur og neytendur og hún ber ábyrgð á því að neytendur fái réttar upplýsingar um þær vörur sem standa til boða. Verslunin getur komið því til leiðar að neytendur hafi val, að þeir geti valið vörur

sem við framleiðslu, neyslu og förgun valda ekki ónáuðsynlegum skaða í náttúrunni. Á ráðstefnunni verður spurt hvernig verslunarfyrirtæki hafi ræktað þetta mikilvæga hlutverk og hverjar séu undirtektir neytenda.

Meðal fyrirlesara verða Davíð Egilsson, forstjóri Hollustuverndar ríkisins, Johan Ununger, ráðgjafi Gröna Konsum í Svíþjóð, Bryndís Skúladóttir, Iðntækni- stofnun, Guðmundur Friðriksson, Línu- hönnun, Jóhannes Gunnarsson, formaður Neytendasamtakanna, Ketill Magnússon starfsmaður Símans og Háskólans í Reykjavík, Sigrún Guðmundsdóttir, starfs- maður Umhverfismerkisráðs Íslands og Stefán Gíslason, ráðgjafi í umhverfismál- um. Þá munu fulltrúar fjölmargra fyrir- tækja taka þátt í pallborðsumræðum um reynslu og tækifæri. Dagskrá ráðstefnunnar má finna á slóðinni www.landvernd.is. Ráðstefnan er tvískipt. Fyrir hádegi verður fjallað um framleiðslu á vörum en eftir hádegi verður fjallað um verslunina.

Þátttökugjald í heild er 7.000 krónur (5.000 kr. fyrir félagsmenn í Landvernd) - hádegisverður innifalinn. Þátttökugjald fyrir annan hvorn hluta ráðstefnunnar eingöngu er 5.000 krónur með hádegis- verði (4.000 kr. fyrir félagsmenn í Land- vernd). Jafnframt hafa Landvernd og Hollustuvernd ríkisins boðað til ráðstefnu í Gerðubergi laugardaginn 2. febrúar þar sem fjallað verður um hlutverk neytand- ans. Fyrirsögn þeirrar ráðstefnu er „Neytandi - framtíðin er í innkaupakörf- unni þinni.“

Skrá má þátttöku með bréfi til land- vernd@landvernd.is eða í síma 552 52 42.

Ólafur Kjartansson

meistarinn.is

þar sem þú finnur fagmenn!



Félag húsgagna- og innréttingaframleiðenda fagnaði 70 ára afmæli sínu

Félagið var stofnað 1. október 1931 í þeim tilgangi að gæta sameiginlegra hagsmuna stéttarinnar. Málafni, sem varða samkeppni, verðlag, tolla og innflutning urðu snemma aðalverkefni félagsins.

Í fyrstu fundargerðabók félagsins er sagt frá tildrögum að stofnun þess. Í þann tíð töldu menn sig vera tilbúna í samkeppni við innflutning enda segir í bókinni: „Þar eð iðngrein sú er þeir stunduðu að þeirra dómi, væri komin á það stig, að þeir með góðri samvisku gætu fyllilega borið hana við samsorta vörur, sem fluttar eru og hafa verið frá ýmsum nágrannalöndum.”

Stofnendur voru níu húsgagnameistarar en fjórir meistarar slógust í hópinn nokkrum dögum síðar. Í upphafi hét félagið Húsgagnameistarafélag Reykjavíkur en var breytt í landsfélag með sama nafni um miðjan sjöunda áratuginn. Tíu árum síðar var félaginu breytt úr meistarafélagi í fyrirtækjafélag og nafninu breytt í samræmi við það.

Félagið varð snemma aðili að Vinnuveitendasambandi Íslands og Landssambandi iðnaðarmanna en samstarf félagsins og Landssambandsins var ávallt mikið og gott enda margir af forráðamönnum félagsins miklir félagsmálagarpar og tóku virkan þátt í málafnum iðnaðarins innan vébanda Landssambandsins. Frá stofnun Samtaka iðnaðarins hafa þau annast daglegan rekstur félagsins. Hin eiginlega hagsmunabaráttan er nú í höndum SI en fagleg málafni og menntamál eru aðalviðfangsefni félagsins.

Um 50 manns komu til afmælisfagnaðar í lok október í glæsilega uppgerðri Baðstofu iðnaðarmanna sem skapaði hina réttu umgjörð fyrir samkvæmið. Formaður félagsins, Guðmundur Ásgeirsson, bauð gesti velkomna með stuttu ávarpi, síðan flutti Sverrir Hallgrímsson, fyrirverandi formaður, fróðlegt erindi um sögu félagsins. Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka iðnaðarins, ávarpaði samkomuna og færði félaginu peningagjöf til þess að vinna efni á heimasíðu félagsins og kynna hana. Einnig tók formaður iðnaðar-

mannafélagsins í Reykjavík, Örn Guðmundsson, til máls og færði félaginu listilega útskorna fánastöng að gjöf.

Í tilefni tímamótanna ákvað stjórn félagsins að gera Eyjólf Axelsson og Ásgeir J. Guðmundsson að heiðursfélögum þess fyrir mikið og heilladrjúgt starf í þágu iðngreinarinnar á liðnum áratugum.

Árni Jóhannsson



Ólöglegt samráð evrópskra pappírframleiðenda

ESB sektar 10 fyrirtæki

Hinn 20. desember sl. sektaði ESB 10 framleiðendur sjálfkalkerandi pappírs fyrir ólöglegt verð- og markaðssamráð. Sektin nam samtals 313,7 milljónum evra eða tæpum 29 milljörðum íslenskra króna. Pappírframleiðendurnir voru frá Bretlandi, Frakklandi, Þýskalandi og á Spáni.

Mario Monti, framkvæmdastjóri samkeppnisviðs ESB, segir að átak sambandsins gegn einokunarhringum hafi sýnt að ólöglegt verðsamráð sé því miður nokkuð algengt en sambandið hafi einsett sér að uppræta það og beita þeim viðurlögum sem duga.

Ítarleg rannsókn, sem ýtt var úr vör árið 1996, leiddi í ljós að eftirfarandi pappírframleiðendur sjálfkalkerandi pappírs höfðu á árunum 1992 til 1995 með sér umfangsmikið og ólöglegt verðsamráð svo og samráð um skiptingu markaðarins:

Arjo Wiggins Appleton Plc og Carrs Paper Ltd (Bretlandi), Mitsubishi HiTech Paper Bielefeld GmbH, Papierfabrik August Koehler AG og Zanders Feinpapier AG (Þýskalandi), Bolloré SA og Papeteries Mougeot SA (Frakklandi),

Distribuidora Vizcaina de Papeles S.L., Papelera Guipuzcoana de Zicuñaga SA og Torraspapel SA (Spáni) og Sappi Limited (Suður-Afríku).

Arjo Wiggins hlaut hæstu sektina sem nemur tæpum 17 milljörðum íslenskra króna enda er fyrirtækið talið aðalhvatamaður samráðsins en það er stærsti pappírframleiðandi Evrópu á þessu sviði. Papierfabrik August Koehler og Zanders Feinpapier komu næst með um þrjá milljarða íslenskra króna í sekt.

Suður-afríska fyrirtækinu Sappi var veitt friðhelgi þar sem það varð fyrst til að sýna samvinnu við rannsóknina auk þess sem upplýsingarnar, sem fyrirtækið lét í té, skiptu sköpum við rannsóknina. Þetta mun vera í annað sinn sem sambandið veitir fyrirtæki fulla friðhelgi og fellir niður sekt að fullu vegna samvinnu þess við rannsókn af þessu tagi.

Sjá nánar um þetta á vefsetri Samtaka iðnaðarins, www.si.is (frétt 11. janúar 2002).

Haraldur Dean Nelson

